

Vegagerðin

Dagverðardal

400 Ísafirði

Reykjavík, 31. júlí 2019

UST201901-247/H.E.

08.06.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 7. maí. 2019, í bikstöð Vegagerðarinnar á Ísafirði.**

Þann 7. maí sl. fór fram eftirlit í bikstöð Vegagerðarinnar á Ísafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Í eftirlitinu var staðfest að tvö eldri frávik sem skráð voru í eftirliti 2015 eru enn úti standandi.


**Tvcimur ábendingum var komið á framfæri og sex ný frávik komu fram er varða:**


1. Gr. 2.2 í starfsleyfi. Undanþága umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá ákvæði 2.2 í starfsleyfi varðandi frágang á áfyllingarplani fyrir bíla sem koma að biktanki rann út 1. janúar sl. Ekki hefur verið sótt um breytingu á starfsleyfi líkt og skilyrði undanþágunnar kváðu á um.
2. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um nýjan tengilið rekstraraðila við eftirlitsaðila eins og kveðið er á um í starfsleyfinu. Tengiliðaupplýsingar voru yfirfarnar í eftirlitinu og hafa nú verið uppfærðar.
3. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Skráningum í rekstrarhandbók var ábótavant. Ekki voru skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum á mengunarvarnabúnaði og ekki voru upplýsingar um þjálfun starfsmanna ofl.
4. Gr. 3.3. í starfsleyfi. Malbikumarframkvæmdir á Mávagarði hafa aukið yfirborð þess svæðis sem olíuskiljan þjónar svo hætta er á að olíuskiljan anni ekki frárennsli sem getur orðið í mikilli úrkому.
5. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Ekki lágu fyrir skráningar um eftirlit með virkni olíuskilju en slíka yfirferð ber að framkvæma á amk. 6 mánaða fresti skv. ákvæðum starfsleyfisins. Umhverfisstofnun óskar í því samhengi eftir mælingum á fráveituvatni frá olíuskiljum í samræmi við ákvæði í grein 3.2 í starfsleyfi.

6. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Stærð þróar kringum bikgeymi er ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfisins, þar sem að hún takmarkast við hæð mannopas við olíuskiljuna. Hækka þarf mannopin eða grípa til annarra aðgerða til að tryggja að ef bik lekur út um geyminn flæði það ekki ofan í fráveitu í gegnum olíuskiljuna eða út fyrir þrónna.

**Umhverfisstofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. ágúst, 2019.**

Virðingarfallst

  
Halla Einarsdóttir

  
Sigríður Magnúsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Ísafirði

UHVERFISSTOFNUN  


Dags eftirlits	7.5.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Vegagerðin	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Dagverðardal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-2899	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Brynjar Ásvaldsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í bikstöð Vegagerðarinnar á Ísafirði. Í eftirlitinu komu fram 6 ný frávik og tveimur ábendingum komið á framfæri vegna starfseminnar.

Undanþága umhverfis- og auðlindaráðuneytisins varðandi frágang áfyllingarplana rann út 1. janúar sl. og ekki hefur verið sótt um breytingu á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar líkt og áætlað var í framlagðri úrbótaáætlun vegna frávika sem komu fram í eftirliti 2015.

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Skráningar og rekstrarhandbók sbr. grein 3.1 og 3.3 í starfsleyfi
2. Umhverfisstjórnunarkerfi sbr. grein 4.3 í starfsleyfi
3. Viðbragðsáætlanir vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr gr. 4.4 í starfsleyfi.
- a. Tilkynningar mengunaróhappa
4. Staðfesting tryggingar sbr. gr 4.7 í starfsleyfi
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Skoðunarferð um bikstöðina

### 1. Skráningar

Farið var yfir rekstrarhandbók og þær skráningar sem eiga að vera aðgengilegar í henni skv. starfsleyfi. Ekki er haldið utan um skráningar á viðhaldi eftirliti og bilunum á mengunarvarnarbúnaði s.s. hreinsivirkir í frárennsli og lekavarnarbúnaði. Flæðirit og afstöðumynd var aðgengilegt í rekstrarhandbókinni. Engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá síðasta eftirliti og engar ábendingar hafa borist um slik tilvik til Umhverfisstofnunar. Þá kom fram að nýr umsjónarmaður starfsstöðvarinnar þarfast frekari þjálfunar sbr. ákvæði starfsleyfisins. Olíugeymar voru þykktarmældir 2011 (bikgeymir) og 2015 (lysísgeymir). Þróystiprófanir á löndunarbörkum eru fyrirhugaðar á árinu.

### 2. Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Farið var yfir kosti umhverfisstjórnunarkerfa og mikilvægi þess að starfsstöðin setji sér mælanleg umhverfismarkmið. Nýum starfsmanni var ekki kunnugt um umhverfismarkmið fyrirtækisins.

### 3. Viðbragðsáætlanir vegna bráðamengunar hafs og stranda

Áhættumat vegna bráðamengunar liggr fyrir en uppfæra þarf áætlun m.t.t. nýs starfsmanns í stöðinni ofl. Farið var yfir leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa.

### 4. Staðfesting tryggingar vegna bráðamengunar hafs og stranda

Tryggingaskírteini lá ekki fyrir í rekstrarhandbók og var ekki aðgengilegt þegar eftirlitið fór fram.

### 5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Með breytingu á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið mat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun hefur unnið slíkt kerfisbundið áhættumat sem var kynnt rekstraraðilia í eftirlitinu. Í lok árs hyggst Umhverfisstofnun taka heildræna rýni á niðurstöður áhættumatsins og nota til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða frá og með árinu 2020. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu stofnunarinnar.

### 6. Skoðunarferð um bikstöðina

Grjótfylltar netakörfur hafa verið settar á hafnarbakkann umhverfis bikgeyminn til varnar mengunar til sjávar. Steyppt þró er umhverfis lysísgeyminn. Búið er að hækka lok á olíuskilju en þó ekki nægilega til að þróin utan um bikgeyminn sé nógu há til að teljast sem 90% af rúmtaki bikgeymisins.

## Frávik frá

## Lýsing á fráviki

grein 2.2 í starfsleyfi

Undanþága umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá ákvæði 2.2 í starfsleyfi varðandi frágang á áfyllingarplani fyrir bíla sem koma að biktanki rann út 1. janúar sl. Ekki hefur verið sótt um breytingu á starfsleyfi líkt og skilyrði undanþágunnar kváðu á um.

grein 4.2 í starfsleyfi

Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um nýjan tengilið rekstraraðila við eftirlitsaðila eins og kveðið er á um í starfsleyfinu. Tengiliðaupplýsingar voru yfirfarnar í eftirlitinu og hafa nú verið uppfærðar.

grein 3.1 í starfsleyfi

Skráningum í rekstrarhandbók var ábótavant. Ekki voru skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum á mengunarvarnabúnaði og ekki voru upplýsingar um þjálfun starfsmanna ofl.

grein 3.3 í starfsleyfi

Malbikunarframkvæmdir á Mávagarði hafa aukið yfirborð þess svæðis sem olíuskiljan þjónar svo hætta er á að olíuskiljan annni ekki frárennsli sem getur orðið í mikilli úrkomu.

Grein 2.4 í starfsleyfi

Ekki lágu fyrir skráningar um eftirlit með virkni olíuskilju en slíka yfirferð ber að framkvæma á amk. 6 mánaða fresti skv. ákvæðum starfsleyfisins. Umhverfisstofnun óskar í því samhengi eftir mælingum á fráveituvatni frá olíuskiljum í samræmi við ákvæði í grein 3.2 í starfsleyfi.

Grein 2.1 í starfsleyfi

Stærð þróar kringum bikgeymi er ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfisins, þar sem að hún takmarkast við hæð mannopas við olíuskiljuna. Hækka þarf mannopin eða grípa til annarra aðgerða til að tryggja að ef bik lekur út um geyminn flæði það ekki ofan í fráveitu í gegnum olíuskiljuna eða út fyrir þrónna.

## ÁBENDINGAR

Nýr 10.000 I geymir hefur verið komið fyrir á svæðinu sem ætlaður er til að geyma viðloðunarefnini. Eftirlitsaðili óskar eftir nánari upplýsingum um efnainnihald viðloðunarefnisins. Huga skal jafnframt að lekavörnum umhverfis geymin í samræmi við reglugerð 884/2017 ef við á.

Nýr starfsmaður hefur nýlega tekið til starfa í stöðinni. Bæta þarf þjálfun í samræmi við ákvæði starfsleyfisins s.s. á viðbrögðum vegna bráðamengunar, þekkingu á umhverfismarkmiðum ofl.

## ANNAÐ

Undanþága frá ákvæði 2.2. í starfsleyfi varðandi frágang áfyllingarplana rann út 1. janúar 2019.

Með nýrri reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi hefur krafa um botnþykkta mælingar á jarðbiksgeymum á 10 ára fresti verið felld út.

Reykjavík, 31.07.2019

  
Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.